

OPIÐ BRÉF

um

kosning landskjörinna alþingismanna.

6

10. marz

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Í ár falla niður umboð þeirra landskjörinna þingmanna, er kosnir voru 1922, en svo er um þá alþingismennina Jónas Jónsson, Ingibjörgu H. Bjarnason og Jónas Kristjánsson. En varaþingmenn voru með nefndum alþingismönnum kosnir 1922 þeir Hallgrímur Kristinsson, sem nú er látinn, Inga Lára Lárusdóttir og Einar Helgason, og fara þeir einnig frá.

Þar sem þetta er svo, verður kosning nýrra landskjörinna þingmanna að fara fram á þessu ári, og er það allramildilegast vilji Vor, að landskosningar fari fram sunnudaginn 15. júní á þremur aðalþingmönnum og þremur varaþingmönnum.

Fyrir því bjóðum Vér og skipuð fyrir allramildilegast að hinar umgetnu landskosningar skuli fara fram nefndan dag.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 10. marz 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.